

**Sp.**

## **46. Skýrsla**

samgöngumálaráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1964.

### **I. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR**

Unnið hefur verið að framkvæmd vegáætlunar fyrir yfirstandandi ár eins og nánar greinir í eftirfarandi skýrslu. Vegagerð ríkisins hefur einnig annazt nær allar framkvæmdir á vegum sýsluvegasjóða. Sýslunefndir hafa verið aðstoðaðar við samningu samþykka fyrir sýsluvegasjóði og gerð áætlun um framkvæmdir á vegum sjóðanna, svo og undirbúningur að fjögurra ára framkvæmdaáætlun fyrir sýsluvegi.

Vegagerð ríkisins hefur einnig aðstoðað einstök kaupún og kaupstaði við framkvæmdir á þjóðvegum innan þessara staða.

Þá hefur Vegagerð ríkisins unnið að undirbúningi vegáætlunar fyrir næstu fjögur ár, en nánar verður vikið að því starfi í vegáætlun þeirri, sem lögð verður fram innan skamms.

Eins og kunnugt er hefur það tíðkæzt mjög á undanförunum árum, að hreppsfélög og sýslufélög hafi lagt fram bráðabirgðalán til vegaframkvæmda til eins eða

tveggja ára. Námu lán þessi í heild háum upphæðum eins og greint var frá í greinargerð með till. til þingsályktunar fyrir vegáætlun 1964.

Í ár hefur undantekningarlítið verið fylgt þeirri meginreglu að heimila aðeins endurnýjun bráðabirgðalána til einstakra vega að hálfu eða í hæsta lagi  $\frac{2}{3}$  hlutum, þar sem sérstaklega hefur þótt aðkallandi að ljúka framkvæmdum við einstaka vegarkafila. Í nokkrum tilvikum hrukku fjárveitingar í vegáætlun ekki til endurgreiðslu bráðabirgðalána, og stendur afgangur þeirra til næsta árs.

Í eftirfarandi yfirliti eru tilgreind bráðabirgðalán til hraðbrauta, þjóðbrauta og landsbrauta um áramót 1963 og áramót 1964:

	Áramót 1963.	Áramót 1964.
<b>1. Hraðbrautir.</b>		
Fyrirframgr. úr rikissjóði .....	1 500 millj. kr.	-
<b>2. Þjóðbrautir:</b>		
a. Fyrirframgr. úr rikissjóði .....	1 450 — —	0 200 millj. kr.
b. Bráðabirgðalán úr héraði .....	5 150 — —	2 340 — —
<b>3. Landsbrautir:</b>		
a. Fyrirframgr. úr rikissjóði .....	1 850 — —	0 650 — —
b. Bráðabirgðalán úr héraði .....	13 350 — —	8 370 — —
	<u>23 300 millj. kr.</u>	<u>11 560 millj. kr.</u>

Hafa bráðabirgðalánin sem heild lækkað um liðlega helming samkvæmt ofangreindu yfirliti. Af lánunum til þjóðbrauta og landsbrauta nú eru um  $\frac{2}{3}$  hlutar endurnýjun bráðabirgðalána frá s. l. ári.

Í eftirfarandi yfirliti yfir framkvæmd einstakra liða vegáætlunar fyrir yfirstandandi ár eru allar kostnaðartölur miðaðar við áætlanir þær er fyrir lágu, er tillaga um vegáætlun var lögð fram á Alþingi s. l. vor. Endanleg reikningsyfirlit um einstakar framkvæmdir verða ekki fyrir hendi fyrr en í byrjun næsta árs.

Verðbreytingar urðu nokkrar með nýjum kaupgjaldssamningum o. fl. hinn 1. júlí s. l. Hafa þær breytingar að sjálfsgöðu í för með sér aukinn kostnað á þeim mannvirkjum, sem ljúka verður í einum áfanga, eins og t. d. byggingu einstakra brúa.

Eftir því sem næst verður komizt, þá hafa verðbreytingar frá marz til okt. haft eftirfarandi áhrif til hækkunar á vísitölu einstakra framkvæmdaliða:

	Marz	Okt.
Vegaviðhald .....	470	476
Vegagerð .....	448	452
Brúargerð .....	504	532

## II. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA

### 1. Viðhaldskostnaður þjóðvega.

Fjárveiting var 80.0 millj. kr. Í till. fyrir vegáætlun í ár var lagt til, að fjárveiting yrði 85.0 millj. kr. og var þá miðað við vísitölu viðhaldskostnaðar 460. Vegna reikningsskekkju var þessi vísitala of lág. Rétt vísitala miðað við verðlag s. l. vetur var 470, og við kaupbreytingu 1. júlí s. l. hækkar hún í 476, og kemur þar einnig til bæði hækkað orlofsfé úr 6 í 7%, launaskattur og ýmis sérákvæði um greiðslur vegna lögboðinna helgidaga.

Kostnaður við vegaviðhald varð 70.4 millj. kr. árið 1963, og var vísitala viðhaldskostnaðar þá 412. Miðað við viðhaldsvísitölu 470 og lengingu akfærra vega úr 7800 km í 8628 km hefði viðhaldsfé þurft að vera um 88 millj. kr.

Þó að s. l. vetur hafi verið afar snjóléttur og kostnaður við snjómokstur því með minnsta móti, þá kemur þar á móti, að flestallir vegir voru opnir allan veturinn og þurftu því bæði heflun og annað viðhald.

Umferð á hinum fjölfarnari vegum um sumarmánuðina hefur aukizt mjög, og endist malarslitlag, sem sett er að vori, ekki út sumarið, og má sjá þess glögg merki á helztu aðalvegum út frá Reykjavík. Af þessum sökum er fyrirsjáanlegt, að fjárveiting til vegaviðhalds í vegáætlun í ár muni ekki hrökkva til óhjákvæmilegs viðhalds, en eins og er verður ekki sagt með vissu, hve mikill óhjákvæmilegur kostnaður verður.

## 2. Vegmerkingar skv. umferðarlögum.

Fjárveiting var 1.0 millj. kr. Unnið var aðallega að uppsetningu umferðarmerkja á Vestfjörðum, Norður- og Austurlandi.

Er nú búið að merkja skv. reglugerð nr. 61/1959 eftirfarandi af einstökum flokkum vegna skv. vegáætlun 1964:

Af 121 km hraðbrauta	eru merktar	121 km	eða	100%
— 2792 — þjóðbrauta	— —	2192	— —	78.5%
— 5715 — landsbrauta	— —	908	— —	16%
<hr/>				
alls 8628 km		alls 3221 km		

Er því enn eftir að merkja 5407 km af akfærum þjóðvegum eða 63%.

## III. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA

### 1. Til hraðbrauta.

#### 1. Reykjanesbraut (A 2):

Fjárveiting var kr. 6 778 millj. og var varið til greiðslu skulda. Íslenzkir Aðalverktakar luku samkvæmt samningum við undirbyggingu vegarins á Fitjum og frá Grindavíkurvegi inn á Strandarheiði, alls 8.4 km, og er kostnaður um kr. 25 millj. Sem stendur vinna Ísl. Aðalverktakar að undirbyggingu vegarins frá Kúagerði suður á Strandarheiði, 6.2 km, og er kostnaður áætlaður kr. 18.6 millj. Er þá aðeins ólokið undirbyggingu á 1.4 km kafla í Ytri-Njarðvík. Lagningu slitlags er hins vegar ólokið á 22 km kafla frá Kúagerði til Keflavíkur.

#### 2. Þrengslavegur (G 2):

Fjárveiting var kr. 3 222 millj. og til greiðslu skulda var varið kr. 1513 þús. Vegurinn var byggður upp og lagfærður á 2.2 km kafla norðaustan Krossfjalla.

### 2. Til þjóðbrauta.

#### 1. Vesturlandsvegur (B 1):

##### a. Um Þyril:

Fjárveiting var 1.9 millj. kr. Tekinn var til umferðar 1.5 km kafli um Þyril.

##### b. Í Miðdölum:

Fjárveiting var engin, en unnið fyrir lánsfé 100 þús. kr. Undirbyggður var 1.2 km kafli milli Grafar og Reykjadalsár.

##### c. Í Gilsfirði:

Fjárveiting var 835 þús. kr. en skuld frá fyrra ári 540 þús. kr. Tekinn var til umferðar 1.2 km kafli um Brekkuá og Grjótá, en hann var að nokkru leyti undirbyggður 1963.

##### d. Í Geiradal í Barðastrandarsýslu:

Unnið var fyrir lánsfé 250 þús. kr. að endurbyggingu snjóþungra kafla um Garpsdal 800 m og Gróustaði 600 m, auk þess var nú borið ofan í 300 m kafla í Slitrum, er lagður var 1963.

**2. Ólafsvíkurvegur (B 40):**

Fjárveiting var kr. 4.22 millj. og fór til greiðslu upp í skuldir vegna vegar um Ólafsvíkurenni. Skuldin var 15 261 300.00 kr. og standa eftir 11 041 300.00 kr. til næsta árs.

**3. Grundarfjarðarvegur (B 45):**

Fjárveiting var 1 245 millj. kr., en skuld frá fyrra ári 1 292 millj. kr. Unnið var fyrir lánsfé 1.08 millj. kr.

Unnið var í veginum fyrir ofan Kolgrafir og þar tekinn til umferðar 2.5 km kafli í framhaldi af kaflanum, sem unninn var 1963. Eftir er að bera ofan í veginn að nokkru leyti. Vestan Mjósunda er verið að undirbyggja 2.0 km kafla að Helgafellssveitarvegi.

**4. Vestfjarðavegur (C 1):**

**a. Sunnan Þingmannaheiðar, Eiði — Mjóafjarðarbotn:**

Fjárveiting var kr. 800 þús. og var varið í kaflann frá Eiði við Skálmarrfjörð meðfram Kerlingafirði, inn í botn Mjóafjarðar. Alls eru þetta 4.8 km. Þar af var fulllokið 2.0 km, en undirbyggðir eru 2.8 km.

**b. Sunnan í Breiðadalsheiði, frá Kinn um Kerlingahól:**

Fjárveiting var 600 þús. kr. Fjárveitingu varið til að byggja 900 m veg um Kerlingahól og ýta upp vegi á 600 m kafla.

**5. Barðastrandarvegur (C 10):**

Fjárveiting var 500 þús. kr. Fjárveitingu varið til greiðslu á 310 þús. kr. skuld og til að fullgera 1.0 km veg á Kleifaheiði og 2.0 km veg um Tungumúla á Barðaströnd.

**6. Strandavegur (C 35):**

Fjárveiting var 500 þús. kr. Fjárveitingu var varið til að greiða 100 þús. kr. skuld og byggja nýjan veg um Húsavíkurlreif, að vegamótum Heiðabæjarvegar, alls 1.5 km.

**7. Norðurlandsvegur (D 1, E 1):**

**a. Í Langadal:**

Fjárveiting 140 þús. kr. Henni var varið til að fullgera 300 m vegarkafla norðan Æsustaða.

**b. Í Reykjadal:**

Fjárveiting 150 þús. kr. Fór hún til greiðslu upp í skuld. Eftirstöðvar skuldar 103 þús. kr.

**c. Á Mývatnsheiði:**

Fjárveiting var 160 þús. kr. Fór hún til greiðslu upp í skuld. Eftirstöðvar skuldar 115 þús. kr.

**d. Við Helluvaðsá:**

Fjárveiting 300 þús. kr. Verið er að vinna fyrir þessa fjárveitingu í sambandi við byggingu brúar á Helluvaðsá.

**8. Siglufjarðarvegur (D 38):**

Fjárveiting 1.5 millj. kr. Lán tekið til vegarins skv. sérstakri fjáröflun ríkisstjórnarinnar að upphæð 3 millj. kr. Fjárveitingu var ráðstafað á eftirfarandi hátt:

**a. Á Lambanesás:**

Greidd var 70 þús. kr. skuld, sem hvíldi á þessum kafla, og ruddur vetrarvegur um þann hluta ássins, sem ekki var búið að undirbyggja.

- b. Fyrir Stráka:  
Til greiðslu á vöxtum og afborgun af láni frá 1963 fóru kr. 372 þús. og til greiðslu á skuld 500 þús. kr.  
Að öðru leyti var fjárveitingu og láni varið til að undirbyggja að mestu leyti veg frá Mánárskriðum, um Máná, Herkonugil, Engidalsá og Sauðanes að Landsendagjá, alls um 6 km.
9. Ólafsfjarðarvegur (D 53):
- a. Hjá Ketilási:  
Fjárveiting 150 þús. kr. Greitt var 73 þús. kr. lán og eftirstöðvum fjárveitingar varið til að undirbyggja um 300 m langan vegarkafla.
- b. Um Ólafsfjarðarmúla:  
Fjárveiting 1 350 millj. kr. Lán til vegarins skv. sérstakri fjáröflun ríkisstjórnarinnar að upphæð 2 millj. kr. Til greiðslu á afborgun og vöxtum af láni frá 1963 fóru 162 þús. kr. og til greiðslu á skuld kr. 40 þús. Að öðru leyti fór fjárveiting til undirbyggingar 5 km langs kafla frá Sauðá að Flagi.
- c. Í Arnarneshreppi:  
Fjárveiting 150 þús. kr. Fjárveiting fór upp í 300 þús. kr. skuld.
10. Þingeyjarsýslubraut (E 23):
- a. Sunnan Húsavíkur:  
Fjárveiting 500 þús. kr. Fór hún til greiðslu upp í skuld. Eftirstöðvar skuldar 308 þús. kr.
- b. Á Tjörnesi:  
Fjárveiting 500 þús. kr. Til greiðslu á skuld fóru 235 þús. kr. en eftirstöðvum fjárveitingar var varið til að undirbyggja veg um Skeifárgil. Er því verki ekki lokið.
- c. Kelduhverfi til Þórshafnar:  
Fjárveiting 750 þús. kr. Af fjárveitingu fóru 350 þús. kr. til greiðslu á skuld.  
Að öðru leyti var fjárveitingu varið til mölburðar á 3 km löngum vegarkafla í Kelduhverfi. Eftirstöðvar skuldar nú 300 þús. kr.
- d. Á Ytrihálsi:  
Fjárveiting 400 þús. kr. Fullgerður var um 2 km langur kafli norðan Kollavíkur.
11. Austurlandsvegur (F 1):
- a. Í Möðrudal:  
Fjárveiting kr. 800 þús. Fyrir fjárveitinguna voru undirbyggðir 5.7 km um vestari Möðrudalsfjallgarð.
- b. Á Jökuldal:  
Fjárveiting 100 þús. kr. Mólborinn var undirbygging frá 1963 innan við Hjarðarhaga 0.9 km að lengd. Enn fremur endurbyggður 0.2 km kafli um Hvanná.
- c. Um Hróarstungu:  
Fjárveiting 500 þús. kr. Fjárveitingu var varið til að grafa skurði með veginum norður frá Lagarfljótsbrú, lagfæra veginn, ýta upp nýjum vegi á köflum og mölbera. Lokið er að mestu við skurðgröft og endurbætur á 4 km kafla og mölburð á 2.5 km.
- d. Í Skriðdal:  
Fjárveiting 500 þús. kr. Greidd var skuld 100 þús. kr. Fé að öðru leyti varið til vegagerðar á 0.6 km kafla gegnum tún á Stóra-Sandfelli.

- e. Í Breiðdal:  
Fjárveiting 450 þús. kr. Fjárveitingu var varið til vegagerðar milli Höskuldastaða og Höskuldsstaðasels. Lokið var við 1 km og með því var smábrú, er byggð var á Selá, tekin í umferð.
- f. Í Berufirði:  
Fjárveiting 600 þús. kr. Fjárveitingu varið til vegagerðar í botni Berufjarðar og um Hvannabrekku. Var alls lokið við 2.6 km og undirb. 0.4 km.
- g. Í Geithellnahreppi:  
Fjárveiting 400 þús. kr. Lokið var við undirbyggingu 3 km kafla um Melrakkanes, sem byrjað var á 1962, og kaflinn síðan mölborinn. Enn fremur byggður 0.3 km kafla austur frá Selárbrú í Hamarsfirði.
- h. Í Lóni:  
Fjárveiting 300 þús. kr. Fjárveitingu var varið til vegagerðar um Brunná, þar var byggð smábrú. Var lokið við 2 km kafla, en hann var að nokkru leyti undirbyggður 1963.
12. **Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur (F 2):**  
Á Hellisheiði:  
Fjárveiting var 600 þús. kr. Fjárveitingu var varið til áframhaldandi undirbyggingar báðum megin Hellisár. Var unnið á 1.5 km löngum kafla en undirbyggingu ekki lokið. Þá voru grafnir vegskurðir og undirbyggðir 0.4 km upp frá Dalsá í Vopnafirði. Loks var unnið að því að gera jeppafæran ruðningsveg norðan í Hellisheiði.
13. **Norðfjarðarvegur (F 31):**
- a. Um Fagradal:  
Fjárveiting 430 þús. kr. Lokið var við 0.7 km kafla ofan við Biskups-  
hlaup, sem byrjað var á 1963. Enn fremur undirbyggður að mestu leyti kafla neðan við hlaupið, 1.6 km að lengd.
- b. Í Eskifirði:  
Fjárveiting 250 þús. kr. Fjárveitingu var varið til greiðslu upp í skuld að upphæð 360 þús. kr.
- c. Í Reyðarfirði:  
Fjárveiting 400 þús. kr. Samkvæmt beiðni þingmanna Austurlandskjör-  
dæmis var heimilað að nota fjárveitingu til brúargerðar á Búðará í Reyðar-  
firði, sbr. greinargerð um brú á Kotá í Óræfum.
14. **Suðurfjarðavegur (F 39):**  
Fjárveiting 750 þús. kr. Greidd var skuld að upphæð 420 þús. kr. Fjárveitingu að öðru leyti varið til að ljúka við tvo kafla í Fáskrúðsfirði, sem byrjað var á 1963. Þá var mölborinn 1 km kafla um Kambanes, sem undirbyggður var 1961 og þá aðeins mölborinn lítið.
15. **Suðurlandsvegur (G 1):**
- a. Í Mýrdal:  
Fjárveiting var 500 þús. kr. Fjárveitingu var varið til að lengja ræsi í Miðaftansgili, hækka og breikka veg þar, til að breikka og lagfæra veginn þaðan og á gamla veginn ofan Grafargils, jafna kanta og mölbera allan kaflann, alls 1.3 km.
- b. Í Holtum:  
Fjárveiting var 900 þús. kr. Fjárveitingu var varið til að fullgera 1.3 km kafla um Hárlaugsstaði. Kaflinn var grafinn 1963.

**16. Þingvallavegur (G 3):**

Fjárveiting var 600 þús. kr. og var varið til greiðslu á 500 þús. kr. skuld. Hrutlæk var veitt í Óxará með skurði og fyrirhleðslum, og til að ljúka því verki voru 200 þús. kr. endurlánaðar til næsta árs.

**3. Til landsbrauta.**

**1. Grindavíkurvegur (A 6):**

Fjárveiting 300 þús. kr. og var henni varið til að undirbyggja að mestu 1.2 km kafla vestan Grindavíkur.

**2. Kjósarskarðsvegur (A 24):**

Fjárveiting 265 þús. kr. og henni varið til að fullbyggja 1.0 km kafla frá Hækingsdalsvegi að Hálsá.

**3. Skorradalsvegur (B 3):**

Fjárveiting var 250 þús. kr. og fóru 57 þús. kr. til greiðslu skuldar frá fyrra ári. Tekinn var til umferðar 1.0 km kafli milli Stóra-Gils og Merkgigils.

**4. Dragavegur (B 2):**

Fjárveiting var 250 þús. kr. Tekinn var til umferðar 0.5 km kafli meðfram Geitabergsvatni og 0.3 km kafli inn Kornahlíð undirbyggður.

**5. Lundarreykjadalvegur (B 10):**

Fjárveiting var 200 þús. kr., en auk þess var unnið fyrir lánsfé 100 þús. kr. Haldið var áfram undirbyggingu vegarins milli Arnþórsstaða og Lundar og henni lokið. Er þar nú 4.2 km kafli tilbúinn til ofaniburðar.

**6. Reykdælavegur (B 14):**

Fjárveiting var 150 þús. kr. og inneign frá fyrra ári 20 þús. kr. Tekinn var til umferðar 2.3 km kafli milli Rauðsgils og Búrfells, sem undirbyggður var að nokkru leyti 1963.

**7. Svínadalsvegur (B 4):**

Fjárveiting var 150 þús. kr. og fóru 100 þús. kr. til greiðslu á skuld, sem var á veginum. Grafnir voru vegskurðir í 700 m kafla um Hurðarbak, en ekki jafnað úr ruðningum.

**8. Melasveitarvegur (B 8):**

Fjárveiting var 45 þús. kr. og fór hún til að greiða upp skuld frá fyrri ári.

**9. Þverárhlíðarvegur (B 18):**

Fjárveiting var 200 þús. kr. og fóru 198 þús. kr. til greiðslu á skuld frá fyrra ári, en 2 þús. kr. voru geymdar til næsta árs.

**10. Norðurárdalsvegur (B 17):**

Fjárveiting var 100 þús. kr. Undirbyggður var 1.5 km kafli milli Háreksstaða og Hóls og grafnir vegskurðir á 400 m kafla í Hólslandi. Borið var ofan í veg milli Glitstaða og Skarðshamra 0.8 km.

**11. Ferjubakkavegur (B 16):**

Fjárveiting var 180 þús. kr. og fóru 16 þús. kr. til greiðslu á skuld. Verið er að undirbyggja 1.4 km kafla milli Ferjubakka og Ölvaldsstaða, en verkinu er ekki lokið.

12. **Álftaneshreppsvegur (B 26):**

Fjárveiting var 45 þús. kr. og fór til greiðslu upp í 120 þús. kr. skuld frá fyrra ári. Eftir stendur 75 þús. kr. skuld til næsta árs.
13. **Hraunhreppsvegur (B 27):**

Fjárveiting var 400 þús. kr. og fóru 40 þús. kr. til greiðslu á skuld. Tekinn var til meðferðar 1.7 km kafli milli Miklholts og Hamra og undirbyggðir 2.0 km.
14. **Staðarhraunsvegur (B 30):**

Fjárveiting var 45 þús. kr. og fóru 43 þús. kr. til greiðslu á skuld, en 2 þús. kr. geymast til næsta árs.
15. **Kolviðarnesvegur (B 34):**

Fjárveiting var 100 þús. kr. og var borið ofan í veg, undirbyggðan 1963, fyrir þá upphæð.
16. **Útnesvegur (B 42):**

Fjárveiting var 130 þús. kr. Fór hún til að greiða niður 290 þús. kr. skuld frá fyrra ári. Er þá eftir 160 þús. kr. skuld sem færast til næsta árs.
17. **Framsveitarvegur (B 46):**

Fjárveiting var 50 þús. kr. og fór til að greiða upp skuld frá fyrra ári.
18. **Skógarstrandarvegur (B 50):**

Fjárveiting var 800 þús. kr. og fór til greiðslu upp í 1.38 millj. kr. skuld frá fyrra ári. Unnið var fyrir lánsfé 600 þús. kr. Teknir voru til umferðar 1.4 km kafli milli Stóru-Langadalsár og Setbergsár og 0.7 m kafli um Harrastaði í Dölum.
19. **Heydalsvegur (B 32):**

Fjárveiting var 480 þús. kr. og geymt fé frá fyrra ári 180 þús. kr. 420 þús. kr. var ráðstafað til greiðslu skulda í Skógarstrandarvegi skv. ákvörðun þingmanna kjördæmisins. Lokið var undirbyggingu á 2.5 km kafla, þar sem húið var að grafa vegskurði.
20. **Hlíðarvegur (B 54):**

Fjárveiting var 175 þús. kr. og fór til greiðslu upp í 185 þús. kr. skuld frá fyrra ári. Unnið var fyrir lánsfé 170 þús. kr.
21. **Hörðudalsvegur (B 52):**

Fjárveiting var 100 þús. kr. og fór til greiðslu upp í 110 þús. kr. skuld frá fyrra ári. Unnið var fyrir lánsfé 275 þús. kr. Undirbyggður var 0.4 km kafli um brú hjá Tungu og borið ofan í veg um Blönduhlíð ca. 2.0 km.
22. **Laxárdalsvegur (B 56):**

Fjárveiting var 175 þús. kr. og fór til að greiða niður 320 þús. kr. skuld frá fyrra ári, og standa eftir af henni 145 þús. kr. Veitt var heimild til að láta vinna fyrir 200 þús. kr. lán í Laxárdal og var ákveðið að leggja það fé í að bera ofan í veg frá Hjarðarholti að Lambastöðum, sem heitir Hjarðarholtsvegur B 57. Verkinu er ekki lokið.
23. **Klofningsvegur (B 59):**

Fjárveiting var 920 þús. kr. og skuld frá fyrra ári 1 420 þús. kr. Unnið er fyrir lánsfé 900 þús. kr. Þar er verið að vinna í 3.0 km kafla um Nípur á Skarðs-



strönd. Er undirbyggingu að verða lokið, en eftir er að bera ofan í ca. 2.0 km. Er áformað að taka veginn til umferðar í vetur þó yfirbygging verði ekki fullgerð.

**Efribyggðavegur (B 60):**

Heimilað var að láta vinna fyrir lánsfé í Efribyggðavegi B 60, og er áformað að láta ýta upp skurðruðningi og setja pípuræsi í 1.3 km kafla frá brú á Flekkudalsá að Svinaskógi.

**24. Kollsvíkurvegur (C 14):**

Fjárveiting var 150 þús. kr. og lánsfé 150 þús. kr., notað til breikkunar vegar á 4.8 km kafla, frá Gjögri um Hænuvíkurhlíðar.

**25. Suðureyrarvegur (C 16):**

Fjárveitingin var 100 þús. kr. Fjárveitingu varið til greiðslu á 41 þús. skuld og til að ljúka yfirbyggingu vegarins. Telst lagningu þessa vegar nú lokið.

**26. Bíldudalsvegur (C 15):**

Í Tálknafirði, framhald Mikladalsvegur:

Fjárveiting var 200 þús. kr. og lánsfé 700 þús. kr. Fjárveitingu varið til endurbyggingar 3.3 km langs vegar um Viðieyrardal og Hálgötu. Vegur var aðeins lítils háttar yfirbyggður.

**27. Bíldudalsvegur (C 15):**

Frá Trostansfirði í Helluskarð:

Fjárveiting var 1.5 millj. kr. og lánsfé 500 þús. kr. Fjárveitingu varið til greiðslu á 1.198 millj. kr. skuld og til 10.9 km langs vegar, sem var í byggingu úr Trostansfirði upp á Vestfjarðaveg. Ræsi voru sett í allan veginn og lokið að fullu við 1.5 km langan veg. Í 9.4 km kaflanum frá Sunnudalsá í Helluskarð var borið ofan í á stöku stað, og varð allur vegurinn fær.

**28. Svalvogavegur (C 19):**

Fjárveiting var 115 þús. kr. og er geymd.

**29. Ingjaldssandsvegur (C 21):**

Fjárveiting var 120 þús. kr. Fjárveitingu varið í 1.7 km langan veg, sem í byggingu er milli Núps og Alviðru, og var lokið við 300 m snjóþungan kafla um Alviðru.

**30. Valþjófsdalsvegur (C 22):**

Fjárveiting var 60 þús. kr. Fjárveitingu varið til greiðslu upp í 90 þús. kr. lán frá 1963 vegna endurbóta á vegi í Valþjófsdalsófæru.

**31. Flateyrarvegur (C 23):**

Fjárveiting var 200 þús. kr. og 100 þús. kr. geymslufé. Fjárveitingu varið til að endurbyggja veg á 600 m kafla milli Hvilftar og Sólbakka og undirbyggja veg á 300 m.

**32. Súgandafjarðarvegur (C 24):**

Fjárveiting var 400 þús. kr. og nýtt lán 55 þús. kr. Fjárveiting fór til greiðslu á 55 þús. kr. skuld frá 1963 og til 1.5 km vegar, sem er í byggingu um Kvianes. Steypt var 4.0 m ræsi í Kvianesá og sett 5 ræsi, full uppýtt vegi á 1380 m og lítils háttar borið í allan veginn svo hann yrði vetrarfær.

**33. Djúpvegur (C 28):**

**a. Í Álftafirði og Seyðisfirði:**

Fjárveiting var 1.3 millj. kr. og fóru 807 þús. kr. til greiðslu á skuld. Unnið var fyrir 493 þús. kr. og 850 þús. kr. nýtt lánsfé að 10.9 km löngum vegi úr Álftafirði að Eyri við Seyðisfjörð. Lokið var nú að fullu undirbyggingu á 5.9 km kafla og gerð þar öll ræsi, svo og ýtt upp vegi á 5.0 km kafla.

**b. Í Skötufirði:**

Fjárveiting var 700 þús. kr. og fóru 487 þús. kr. til greiðslu á skuld. Unnið var fyrir 213 þús. kr. og 240 þús. kr. nýtt lánsfé. 200 m kafli hjá Garðsstöðum var endurbættur, 2.0 km vegur næst við Ögur var yfirbyggður. Af vegi sem undirbúinn var 1963, var nú 1.0 km mikið endurbættur og sett 5 pípuræsi og ýtt upp alveg vegi á 2.0 km.

**34. Snæfjallastrandarvegur (C 33):**

Fjárveiting var 200 þús. kr. Fjárveitingu var varið til að ljúka 2 km vegagerð um Kaldalón að brú á Mórillu, lagfæra undirbyggingu og yfirbyggja veginn.

Auk þess var leið út með hlíðum norðan Mórillu lagfærð og gerð jeppafær í sambandi við lagðan veg á Snæfjallaströnd.

**35. Vatnsfjarðarvegur (C 29):**

Fjárveiting var 350 þús. kr. Fjárveitingu var varið til að greiða 250 þús. kr. skuld og til að bera ofan í veginn milli Skálavíkur og Keldu og setja ræsi á bæjarlækinn á Keldu.

**36. Strandavegur (C 36):**

Fjárveiting var 700 þús. kr. Fjárveiting fór til greiðslu á 250 þús. kr. skuld. Fyrir afganginn, 450 þús. kr. og 330 þús. kr. lánsfé, var unnið á tveim stöðum.

a. Í Veiðileysufirði var ruddur mjór jeppafær vegur frá Skarfadalsá í skriðuofan við Veiðileysukleif, um Seljaá, um mela utan við Veiðileysu, á alls um 4 km kafla. Einnig var malborinn ruðningsvegurinn frá Kaldbaki út fyrir Kolbeinsvík á 5 km kafla.

b. Í Reykjarfirði var lokið við undirbyggingu vegarins frá Selvíkurhöfða inn að Reykjarfjarðará á 4 km kafla.

**37. Drangnesvegur (C 40):**

Fjárveiting var 375 þús. kr. Fjárveiting fór til greiðslu á 370 þús. kr. skuld. Fyrir afganginn, 5 þús. kr. og 150 þús. kr. lánsfé, var vegur yfirbyggður, meira og minna frá Sandnesi að Hálsgötu á Bjarnarfjarðarhálsi á 4.0 km kafla.

**38. Vatnsnesvegur (D 7):**

Fjárveiting var 310 þús. kr. Greitt var lán 115 þús. kr. en unnið fyrir afganginn og 80 þús. kr. nýtt lán.

a. Undir- og yfirbyggður var 250 m vegkafla við Kárastaðalæk.

b. Undir- og yfirbyggður var 1200 m vegkafla norðan Illugastaða og undirbyggður 800 m vegkafla á sama stað.

**39. Miðfjarðarvegur (D 4):**

Fjárveiting var 330 þús. kr. Greitt var lán 98 þús. kr. og afgangur notaður til:

a. Yfirbyggingar 560 m vegkafla framan við Vesturárbrú.

b. Yfirbyggingar 3700 m vegkafla frá Merkjalæk að Urriðaá á Austursíðu.

40. **Vesturárdalsvegur (D 5):**  
Fjárveiting var 70 þús. kr. og var notuð til undirbyggingar á 1160 m vegkafla nærri Húki í Vesturárdal.
41. **Heggstaðanesvegur (D 3):**  
Fjárveiting var 145 þús. kr. og var notuð til að ljúka 1400 m vegkafla og undir- og yfirbyggja 700 m vegkafla frá Norðurlandsvegi norðan Melstaðar að Svartingsstaðaá.
42. **Fitjavegur (D 4):**  
Fjárveiting var 55 þús. kr. Greitt var lán 40 þús. kr. og afgangur notaður til að lagfæra 2 snjóþunga vegkafla við Messuhól og norðan Hrísa.
43. **Vatnsdalsvegur (D 12):**  
Fjárveiting var 375 þús. kr. og fór öll í greiðslu upp í 770 þús. kr. skuld.
44. **Reykjabraut (D 15):**  
Fjárveiting var 70 þús. kr. Greitt var lán 40 þús. kr. og afgangur notaður til að lagfæra og undirbyggja við vegamót Svinadalsvegur og Reykjabrautar.
45. **Svartárdalsvegur (D 22):**  
Fjárveiting var 230 þús. kr. Greitt var lán 160 þús. kr. og afgangur notaður til að fullgera veg um Leifsstaðaklif að Skottustöðum.
46. **Svinadalsvegur (D 19):**  
Fjárveiting var 300 þús. kr. Greitt lán frá fyrra ári 117 þús. kr., en unnið fyrir afganginn og 25 þús. kr. nýtt lán. Fullgerður var 650 m vegur við Reykjaból og undirbyggður 500 m vegkafla á sama stað.
47. **Skagavegur (D 23):**  
Fjárveiting var 285 þús. kr. Greitt var lán 50 þús. kr. og afgangur notaður:  
a. Tenging á brú á Gauksstaðaá.  
b. Breyting og lagfæring á vegi við nýja brú á Fossá.
48. **Skagafjarðarvegur (D 30):**  
Fjárveiting var 450 þús. kr. Greitt lán 220 þús. kr. og afgangur notaður til endurbyggingar 1100 m vegkafla neðan Tungukots.
49. **Reykjastrandarvegur (D 27):**  
Fjárveiting var 300 þús. kr. og fór öll til greiðslu upp í 500 þús. kr. skuld.
50. **Efribyggðarvegur (D 31):**  
Fjárveiting var 50 þús. kr. Greitt var lán 48 þús. kr., afgangur geymdur til næsta árs.
51. **Kjálkavegur (D 35):**  
Fjárveiting var 250 þús. kr. og var notuð til að undirbyggja 5800 m vegkafla frá Flatatungu að Keldulandi.
52. **Ólafsfjarðarvegur eystri (E 2):**  
Fjárveiting var 170 þús. kr. og var öll notuð til greiðslu upp í 310 þús. kr. skuld.

53. **Hörgárdalsvegur (E 8):**  
 Fjárveiting: 250 þús. kr. Af fjárveitingu fóru 50 þús. kr. til greiðslu skuldar en 200 þús. kr. til endurbyggingar á 1.0 km löngum vegarkafli sunnan Dunhaga og til undirbyggingar á 0.8 km löngum kafla hjá Möðruvöllum.
54. **Eyjafjarðarbraut (E 12):**  
 Fjárveiting: 600 þús. kr. Fyrir fjárveitinguna var fullgerður 1.3 km langur kafli norðan Þverár, og eftirstöðvar verða notaðar til undirbyggingar vega sunnan Brunnár.
55. **Svalbarðsstrandarvegur (E 15):**  
 Fjárveiting 470 þús. kr. Fjárveiting fór til greiðslu upp í 830 þús. kr. skuld. Eftirstöðvar 360 þús. kr.
56. **Fnjóskadalsvegir (E 16—17):**  
 Fjárveiting 500 þús. kr. Fjárveiting fór til greiðslu upp í 1415 þús. kr. skuld. Eftirstöðvar 915 þús. kr.
57. **Útkinnarvegur (E 20):**  
 Fjárveiting 80 þús. kr. Fjárveitingin fór til greiðslu á skuld að sömu upphæð.
58. **Bárðardalsvegir (E 21—22):**  
 Fjárveiting 330 þús. kr. Fjárveiting fór til greiðslu skuldar að upphæð 186 þús. kr. og til malburðar á 6 km löngum kafla. Til að ljúka malburðinum voru endurlánaðar 120 þús. kr.
59. **Hólsfjallavegur (E 36):**  
 Fjárveiting 500 þús. kr. Fjárveitingin var notuð til að mölbera 5 km langan vegarkafli milli Grímsstaða og Hólssels og til að undirbyggja rúmlega 1 km langan kafla frá norðurenda vegarins.
60. **Langanesvegur (E 42):**  
 Fjárveiting 200 þús. kr. Fjárveitingin fór til mölburðar og lagfæringar á veginum milli Heiðar og Skoruvíkur.
61. **Vopnafjarðarvegir (F 5—9):**  
 Fjárveiting 1.1 millj. kr. Greidd skuld 430 þús. kr. Fjárveitingu að öðru leyti varið sem hér segir:  
 a. Undirbyggðir 3.2 km á Sunnudalsvegi austan brúar á Hofsa, sem byggð var á árinu.  
 b. Mölbornir 2.4 km á Vesturdalsvegi, sem undirbyggðir voru 1963.  
 c. Undirbyggður og mölborinn að nokkru leyti 0.8 km kafli á Torfastaðavegi.  
 d. Grafinn vegskurður á Ytri-Hlíðarvegi 0.4 km að lengd.
62. **Jökuldalsvegur efri (F 12):**  
 Fjárveiting 480 þús. kr. Greidd var skuld 85 þús. kr. Fjárveitingu að öðru leyti varið til vegagerðar utan við Búðará. Var lokið við 2.7 km kafla, sem byrjað var á 1963.
63. **Hróarstunguvegur eystri (F 15):**  
 Fjárveiting 380 þús. kr. Greidd var skuld 30 þús. kr. Þá var mölborin 1 km undirbygging frá 1963 við Kirkjubæ. Grafnir vegskurðir um Urriðavatn og Skógargerði, alls 2.0 km að lengd, og unnið er að undirbyggingu við Urriðavatn.

64. **Upphéraðsvegur (F 19):**  
Fjárveiting 600 þús. kr. Greidd var skuld 20 þús. kr. Fjárveitingu að öðru leyti varið til vegagerðar um Klifárgil, en framkvæmdum er ekki lokið, þar sem brúargerð á gilið stendur enn þá yfir.
65. **Seyðisfjarðarvegur (F 24):**  
Fjárveiting 460 þús. kr. Greidd skuld 163 þús. kr. Lokið við 1.5 km kafla á suðurströnd Seyðisfjarðar. Til þess að ljúka kaflanum voru endurlánaðar 50 þús. kr.
66. **Úthéraðs- og Borgarfjarðarvegur (F 25):**  
Fjárveiting 1.0 millj. kr. Greidd var skuld 286 þús. kr. Fjárveitingu að öðru leyti varið til áframhaldandi vegagerðar um Eiða. Var byggður 1.2 km kafli utan við Eiða, og unnið er að yfirkeyrslu kaflanna frá 1962 og 1963.  
Loks voru byggðir smákaflar við brýr á Hvannagilsár í Njarðvík, alls 0.3 km.
67. **Loðmundarfjarðarvegur (F 30):**  
Fjárveiting 100 þús. kr. Yfirkeyrður 1.5 km kafli utan við Hólaland í Borgarfirði, svo og unnið að áframhaldandi ruðningsgerð um Húsavíkurheiði og Nesháls til Loðmundarfjarðar.
68. **Mjóafjarðarvegur (F 32):**  
Fjárveiting 100 þús. kr. Unnið var að endurbótum ruðningsvegarins á Mjóafjarðarheiði.
69. **Dalavegur í Fáskrúðsfirði (F 41):**  
Fjárveiting 80 þús. kr. Lokið var að mestu leyti undirbyggingu á 0.7 km kafla utan við Ljótunnará, sem byrjað var á 1963.
70. **Axarvegur (F 45):**  
Fjárveiting 150 þús. kr. Unnið að endurbótum ruðningsins um Öxi, í því skyni að gera hann jeppafæran.
71. **Austurlandsvegur í Skaftafellssýslu (F 1):**  
Fjárveiting 520 þús. kr. Fjárveitingu var varið til vegagerðar á Mýrum og í Örafum. Á Mýrum var lokið að mestu við 0.7 km kafla hjá Viðborðsseli. Í Örafum er unnið að undirbyggingu um Kotá, svo og skurðgreftri vestan Kviár, en framkvæmdum er ekki lokið.
72. **Suðurlandsvegur (G 1):**  
a. Eldhraun að austanverðu:  
Fjárveiting var 400 þús. kr. Fjárveitingu var varið til að mölbera 1.8 km kafla, sem undirbyggður var 1963, og í undirbyggingu á 1.0 km kafla austast í Dyngjum.  
b. Eldhraun að vestanverðu:  
Fjárveiting var 300 þús. kr. Fjárveitingu var varið til að byggja ca. 0.7 km vegarkafla báðum megin við hina nýju brú á Eldvatnaskvísl, og í varnargarða við kvíslina.
73. **Biskupstungnabraut (G 10):**  
Fjárveiting var 400 þús. kr. Fjárveitingu varið til mölburðar á 3.1 km kafla frá Kiðjabergsvegamótum í átt að Keri.
74. **Grafningsvegur (G 11):**  
Fjárveiting var 150 þús. kr. Fjárveitingu varið til greiðslu á 100 þús. kr. skuld og byggingu á ræsi sunnan Torfastaða.

**75. Geysisvegur (G 20):**

Fjárveiting var 500 þús. kr. Fjárveiting notuð til að ljúka skurðgreftri á kaflanum Geysir—Gullfoss, til endurbóta á gamla Gullfossvegi, til varnargarða við Stakksá, skurða með vegi neðan Neðra-Dals og til hækkunar á vegi milli vegamóta við Múla og Neðra-Dal.

**76. Auðsholtsvegur (G 28):**

Fjárveiting var 190 þús. kr. Fjárveiting notuð til að byggja tvo varnargarða rétt neðan við brú á Stóru-Laxá.

**77. Gaulverjabæjarvegur (G 14):**

Fjárveiting var 200 þús. kr. Fjárveitingu varið til mölburðar á 1.5 km kafla vestan Stokkseyrar og til að girða með vegi í nefndum kafla.

**78. Bugavegar (G 48):**

Fjárveiting var 200 þús. kr. Fjárveitingu varið til greiðslu á 200 þús. kr. skuld.

**79. Þykkvabæjarvegur (G 49):**

Fjárveiting var 100 þús. kr. Fjárveitingu varið til skurðgraftar milli Ægis-síðugils og Hrafnstöfta.

**80. Árbæjarvegur (G 54):**

Fjárveiting var 200 þús. kr. Fjárveitingu varið til mölburðar á veginum milli Snjallsteinshöfða og Sels í Botnahrauni.

**81. Rangárvallavegur (G 55):**

Fjárveiting var 220 þús. kr. Fjárveitingu varið til mölburðar 2.8 km kafla frá Stokkalæk vestur fyrir Keldur, og til að undirbyggja 1.3 km vegarkafla milli Reyðarvatns og Keldna.

**82. Út-Landeyjavegur (G 62):**

Fjárveiting var 400 þús. kr. Fjárveitingu varið til að undirbyggja og mölbera kaflann milli Sigluvíkur og Skúmsstaða, alls 3.0 km.

**83. Álftaversvegur (G 83):**

Fjárveiting var 60 þús. kr. Fjárveitingu varið til vegagerðar við nýja brú á Landbrotsá.

**84. Meðallandsvegur (G 86):**

Fjárveiting var 520 þús. kr. Fjárveitingu varið til greiðslu á 350 þús. kr. skuld. Afgangi var varið í mölburð á 5.0 km kafla vestan Syðri-Fljóta.

**85. Prestbakkavegur (G 90):**

Fjárveiting var 50 þús. kr. Fjárveitingu varið í girðingu með vegi yfir Prestbakkatún og í túbætur þar.

**Ísólfskálavegur (A 7):**

Fjárveiting var engin en sýslan lagði fram 150 þús. kr., sem var varið til að fullbyggja 0.9 km kafla ofan Þórkötlustaðahverfis.

#### IV. TIL FJALLVEGA, REIÐVEGA OG FERJUHALDS

##### 1. Til aðalfjallvega.

###### 1. Kaldadalsvegur:

Fjárveitingunni, sem var 80 þús. kr., var eingöngu varið til venjulegs viðhalds á veginum.

###### 2. Kjalvegur:

Fjárveitingunni, sem var 130 þús. kr., var varið til venjulegs viðhalds og einnig var breytt vaði á Seyðisá norðan Hveravalla, svo að nú þarf einungis að fara einu sinni yfir ána í stað þrisvar áður.

###### 3. Sprengisandsleið:

Fjárveitingunni, sem var 1.0 millj. kr., var varið svo sem hér segir: Til merkingar á allri leiðinni og óverulegra lagfæringa á veginum upp að Haldi, upp úr Eyjafirði og upp úr Bárðardal var varið um 100 þús. kr.

Til uppsetningar á kláfferju hjá Haldi var varið um 900 þús. kr. Heildarkostnaður við kláfferjuna er áætlaður 1.6 millj. kr., og hefur fjár verið aflað svo sem hér segir:

1. Framlag í fjárlögum 1963 .....	350 þús. kr.
2. — frá raforkumálastjóra .....	200 — —
3. — frá Ása- og Djúpárhreppum .....	150 — —
4. — í vegaaætlun 1964 .....	900 — —

Alls 1600 þús. kr.

Kláfferja þessi getur flutt 3.5 tonna þungar bifreiðar og við fjárflutninga um 50 kindur. Ferjan var tekin í notkun um miðjan júlí. Hefur ferjan síðan verið notuð töluvert við flutning á bifreiðum og fé og þótt gefa góða raun.

###### 4. Fjallabaksvegur nyrðri:

Fjárveitingunni, sem var 90 þús. kr., var varið til venjulegs viðhalds á veginum.

##### 2. Til annarra fjallvega.

Fjárveitingunni, sem var 800 þús. kr., var skipt í eftirtalda 32 staði:

1. Vegur að Skiðaskála Ármanns í Jósefsdal .....	80 þús. kr.
2. Vegur inn á Arnarvatnsheiði frá Húsafelli .....	15 — —
3. Kollafjarðarheiði í Austur-Barðastrandarsýslu .....	50 — —
4. Keflavíkurvegur í Vestur-Barðastrandarsýslu .....	15 — —
5. Til ferðamannaskýlis á Kleifaheiði .....	10 — —
6. Skiðaskálavegur á Ísafirði .....	10 — —
7. Viðidalstunguheiði .....	20 — —
8. Vatnsnesfjall .....	10 — —
9. Grimstunguheiði úr Vatnsdal .....	20 — —
10. Vegur um Kiðaskarð .....	20 — —
11. Vegur um Flateyjardalsheiði .....	15 — —
12. Ýmsir fjallvegir í Suður-Þingeyjarsýslu (8 vegir) .....	30 — —
13. Dettifossvegur að sunnan og norðan .....	40 — —
14. Vegur að Öskju .....	40 — —
15. Ýmsir fjallvegir í Norður-Þingeyjarsýslu (6 vegir) .....	30 — —
16. Fagridalsvegur í Vopnafirði .....	10 — —
17. Smjörvatnsheiði .....	40 — —

18. Brúarvegur á Jökuldal .....	15 þús. kr.
19. Fljótsdalsheiði .....	20 — —
20. Norðurdalsvegur í Breiðdal .....	10 — —
21. Fossárdalsvegur í Berufirði .....	10 — —
22. Afréttarvegir í Geithellnahreppi (9 vegir) .....	30 — —
23. Afréttarvegur á Mýrum í Austur-Skaftafellssýslu .....	10 — —
24. Lakavegur í Vestur-Skaftafellssýslu .....	20 — —
25. Vegur á Fimmvörðuháls .....	10 — —
26. Vegur að Eyjafjallajökli .....	10 — —
27. Fjallabaksvegur syðri .....	20 — —
28. Þjórsárdalsvegur .....	20 — —
29. Lyngdalsheiði (skuld frá 1963) .....	140 — —
30. Ferðafélag Akureyrar (sæluhús) .....	10 — —
31. Ferðafélag Íslands (sæluhús) .....	10 — —
32. Viðgerð sæluhúsa .....	10 — —

Alls 800 þús. kr.

### 3. Til reiðvega.

Fjárveitingunni, sem var 200 þús. kr., var skipt af stjórn Landssambands hestamanna eins og hér segir:

I. Biskupstungnahr., lagfæring Konungsvegur og brú á Brúará ..	kr. 20 000.00
II. Selfoss, út frá kaupúninu .....	— 15 000.00
III. Hafnarfjörður, leiðir út úr bænum .....	— 25 000.00
IV. Reykjavík:	
a. Með Vesturlandsvegi, malarhreinsun, sandburður .....	kr. 15 000.00
b. Með Austurvegi, frá Rauðavatni að Geithálsi, sandburður, malarhreinsun .....	— 23 000.00
c. Með Austurvegi, ný leið frá Geithálsi, Lækjarbotnum, Kolviðarhól, ruðningur með ýtu ..	— 22 000.00
	— 60 000.00
V. Borgarnes, með þjóðvegi frá kaupúni að Hamri .....	— 15 000.00
VI. Sauðárkrókur .....	— 10 000.00
VII. Akureyri, leiðir úr bænum .....	— 30 000.00
VIII. Kjósarsýsla, með Vesturlandsvegi .....	— 25 000.00
	<u>Kr. 200 000.00</u>

Framkvæmdum fyrir mest af þessu fé er lokið, en á nokkrum stöðum hefur þó orðið að ráði að geyma framlagið til næsta árs í von um frekara framlag svo að ná mætti einhverjum árangri.

### 4. Til ferjuhalds.

Fjárveiting í vegáætlun 1964 .....	15 þús. kr.
Geymt fé frá 1963 .....	8 — —

Til ráðstöfunar 23 þús. kr.

Fjárveitingu og geymslufé hefur verið ráðstafað svo sem hér segir:

1. Greitt til lögferja í Norður-Múlasýslu .....	kr. 5 000.00
2. Greitt til lögferja hjá Þjórsárholti .....	— 375.00
3. Ógreiddur kostnaður við ferjuhald á Jökulsá á Breiðamerkur-sandi og óráðstafað fé .....	— 17 625.00

Alls kr. 23 000.00



## V. TIL BRÚARGERÐA

### 1. Til stórbrúa.

#### 1. Brú á Mórillu í Kaldalóni:

Fjárveiting var 2 100 þús. kr. Byggð var 50 m löng stálbitabré með timburgólfi, en stöplar eru steypfir. Byggðir voru einnig 1270 m langir varnargarðar og urðu þeir 270 m lengri en upphaflega var áætlað, m. a. vegna þess, að hentugra þótti að byggja brúna á þurru og veita síðan ánni undir hana. Þessum framkvæmdum var lokið seint í september. Aka má nú út fyrir Kaldalón á fjöru á jeppum.

#### 2. Brú á Miðfjarðará á Norðurlandsvegi:

Fjárveiting var 1 480 þús. kr., en heildarkostnaður áætlaður 5.2 millj. kr. Gerður hefur verið akfær vegur austan að brúnni og lokið steypu allra sökkla undir stöpla og einnig hluta af landstöplum. Þessum framkvæmdum lýkur í október.

#### 3. Brú á Blöndu hjá Blönduósi:

Fjárveiting var 200 þús. kr. Lokið var öllum frágangi við brúna og greiðslu á erlendum verkfræðikostnaði.

#### 4. Brú á Hofsa í Vopnafirði:

Fjárveiting var alls 3 100 þús. kr., en þar af geymslufé frá 1957 og 1958 480 þús. kr. Brú þessi er 72 m löng með stálbitum og steypu gólfi. Brúargerðinni er lokið, að undanskilinni málun bita, sem fresta varð vegna veðráttu. Verður brúin opnuð fyrir umferð í október.

#### 5. Brú á Steinavötn í Suðursveit:

Fjárveiting var 4 800 þús. kr. Brú þessi er 102 m löng, steyp bitabré og við hana verða 4.7 km af varnargörðum, en af þeim voru 2.5 km byggðir á s. l. ári. Byggingu brúarinnar er lokið og nú unnið að byggingu varnargarða og lagningu vegar við brúna, og er áætlað, að því verki verði lokið í nóvember.

#### 6. Brú á Hólmsá í Skaftártungu:

Fjárveiting var 200 þús. kr. Sjálfri brúnni var lokið á s. l. ári, en eftir var ýmiss konar frágangur, sem lokið var s. l. vor.

#### 7. Brú á Tungufljót hjá Snæbýli:

Fjárveiting var 1 600 þús. kr. Brúin er 50 m löng stálbitabré með timburgólfi og steypum stöplum. Brúargerðinni var lokið á miðju sumri.

### 2. Til brúa 10 m og lengri.

#### 1. Brákarsundsbrú:

Fjárveiting 440 þús. kr. Fjárveitingunni var varið til viðgerðar á brúargólfi og stoðmúrum norðan brúar, sem voru að hruni komnir. Brúin, sem var byggð árið 1930, er á þjóðvegi innan þéttbýlis í Borgarneshreppi.

#### 2. Kaldárbrú:

Fjárveiting 320 þús. kr. Brú þessi er á sýsluvegi í Kolviðarneshreppi og var byggð árið 1963 fyrir lánsfé.

3. **Brú á Núpsá:**  
Fjárveiting 600 þús. kr. Brú þessi er á Stykkishólmsvegi og var byggð 1963 og kostaði alls 830 þús. kr., en fjárv. þá var aðeins 230 þús. kr.
4. **Brú á Hörðudalsá:**  
Fjárveiting 800 þús. kr. Brú þessi er 20 m löng steinsteypt brú á Hörðudalsvegi (B 52). Brúargerðinni er lokið.
5. **Brú á Grjótá í Gilsfirði:**  
Fjárveiting var 985 þús. kr. Brú þessi er á Vesturlandsvegi og er 20 m löng steinsteypt brú, sem byggð var sumarið 1963 gegn fjárveitingu í vegáætlun 1964.
6. **Brú á Tunguá hjá Tröllatungu:**  
Fjárveiting var 420 þús. kr. í vegáætlun 1964, en geymslufé 200 þús. kr. frá 1963. Brúin er á veginum um Tröllatunguheiði (C 4) og er úr steinsteypu 12 m löng. Brúargerðinni var lokið fyrrihluta sumars.
7. **Brú á Kaldbaksós:**  
Fjárveiting var 200 þús. kr. Brú þessi var byggð 1963, en 200 þús. kr. vantaði á fulla fjárveitingu.
8. **Brú á Norðdalsá í Bitru:**  
Fjárveiting var 200 þús. kr., en 30 þús. kr. fjárv. af samgöngubótafé 1963 var þá veitt til brúarinnar. Brúin er á sýsluvegi 12 m löng stálbitabrú með timburgólfi á stauraokum. Brúin var fullgerð fyrrihluta sumars.
9. **Brú á Reyðarlæk hjá Bjarghúsum:**  
Fjárveiting var 505 þús. kr. Brúin er á sýsluvegi 10 m löng og steinsteypt. Brúargerðinni var lokið fyrrihluta sumars.
10. **Brú á Svartá hjá Steiná:**  
Fjárveiting var 200 þús. kr. Brúin var byggð 1963, en 200 þús. kr. vantaði á fulla fjárveitingu.
11. **Brú á Svinadalsá hjá Rútsstöðum:**  
Fjárveiting 530 þús. kr. Brú þessi er á sýsluvegi, er 12 m löng og byggð úr steinsteypu. Brúargerðinni var lokið snemma sumars.
12. **Brú á Gauksstaðaá á Skaga:**  
Fjárveiting var 555 þús. kr. Brúin er á Skagavegi (D 23) 12 m löng og úr steinsteypu. Brúargerðinni var lokið á miðju sumri.
13. **Brú á Fossá á Skaga:**  
Fjárveiting var 900 þús. kr. Brú þessi er á Skagavegi (D 23) og kemur í stað gamallar trébrúar. Brúin er 32 m löng og steinsteypt. Brúargerðinni er lokið fyrir skömmu, en vegna erfiðs tíðarfars verður ekki unnt að ganga frá vegi að brúnni fyrr en næsta vor.
14. **Brú á Fjarðará í Siglufirði:**  
Fjárveiting var 250 þús. kr. Brúin er á vegi innan Siglufjarðarkaupstaðar og greiðir kaupstaðurinn helming kostnaðar (250 þús. kr.) sbr. 53. gr. vegalaga. Brúin er 10 m löng úr steinsteypu. Brúargerðinni verður lokið í október.

15. **Brú á Köldukvísl á Sprengisandsleið:**  
Fjárveiting var 390 þús. kr. Brúin var byggð 1963, en 390 þús. kr. vantaði á fulla fjárv.
16. **Brú á Helluvaðsá:**  
Fjárveiting var 450 þús. kr. Brúin er á Norðurlandsvegi og kemur í stað gamallar trébrúar. Brúin er 10 m löng steinsteypt og verður fullgerð í lok október.
17. **Brú á Gilsbakkaá í Norður-Þingeyjarsýslu:**  
Fjárveiting var 530 þús. kr. Brú þessi er á Gilhagavegi (E 37) er 18 m löng, stálbitar með timburgólfi á steiptum stöplum. Brúargerðinni var lokið fyrir skömmu.
18. **Brú á Klifárgil á Héraði:**  
Fjárveiting var 1 450 þús. kr. Brúin er á Upphéraðsvegi (F 19) 40 m löng stálbitabrú með steiptu gólfi og stöplum. Brúargerðin var hafin fyrir nokkru, en ekki fullvist, hvort takast muni að ljúka verkinu í ár vegna veðráttu.
19. **Brú á Búðará í Reyðarfirði:**  
Brú þessi er á Norðfjarðarvegi í Búðareyrarkauptúni við Reyðarfjörð og kemur í stað gamallar mjórrar brúar og er á Þjóðvegi í Þéttbýli.  
Engin fjárveiting er til þessarar brúar í vegáætlun 1964. Brúin er byggð fyrir eindregin tilmæli allra þingmanna Austurlandskjördæmis. Til þess að standa straum af kostnaði við brúargerðina var frestað byggingu brúar á Kotá í Örafum og framkvæmdum við Norðfjarðarveg í Reyðarfirði (liður III 13 c í vegáætlun), en allur kostnaður við brúargerðina er áætlaður 1 570 þús. kr. Brú þessi er 16 m löng með 7 m akbraut og 2×1.50 m gangstétt beggja vegna akbrautar. Brúargerðinni er lokið.
20. **Brú á Eldvatnkvísl í Eldhrauni:**  
Fjárveiting var 560 þús. kr. Brú þessi er á Suðurlandsvegi og kemur í stað gamallar trébrúar. Brúin er 14 m löng, steipt, en með burðarbitum úr stáli. Brúargerðinni er lokið.
21. **Brú á Landbrotsvatn:**  
Fjárveiting var 425 þús. kr. Brú þessi er á Álftaversvegi (G 83), 11 m löng, stálbitar með timburgólfi en steiptum stöplum. Brúargerðinni er lokið.
22. **Brú á Klifanda hjá Felli:**  
Fjárveiting var 400 þús. kr. Brú þessi er á sýsluvegi í Mýrdal og var byggð 1963 gegn væntanlegri fjárveitingu í vegáætlun 1964. Brúin er 30 m löng stálbitabrú með timburgólfi og á stauraokum.
23. **Brú á Eystri-Rangá hjá Keldum:**  
Fjárveiting var 470 þús. kr. Brú þessi er á sýsluvegi og er 26 m löng járngrindarbrú á steiptum stöplum. Var hluti af gömlu brúnni á Ytri-Rangá hjá Hellu notaður við brúargerðina. Brúargerðinni er lokið.

### 3. Til smábrúa (4—9 m).

Fjárveiting var 6.0 millj. kr. Fjárveitingunni var varið til byggingar eftirtalinnna smábrúa, en nokkrar þeirra voru byggðar á árinu 1963, en kostnaði ávisað

á fjárveitingu í vegáætlun 1964. Áætlaður heildarkostnaður er 424 þús. kr. hærri en fjárveiting, en fjármálaráðuneytið hefur fallizt á, að álíka upphæð af fé því, sem ávísað var fyrir fram til smábrúa 1963, bíði endurgreiðslu af smábrúafé í vegáætlun 1965.

Heiti	Kjörd.	Vegur	Áætl. Lengd kostn.		Athugas.
			m	í þús. kr.	
1. Kaldagil á Uxøhr.v. ....	Vesturl.	B 11	5	276	
2. Hólkotsá í Laxárdal .....	—	B 56		276	Byggð 1963
3. Brekkuá í Gilsfirði .....	Vestfj.	B 1	8	514	Byggð að nokkru '63
4. Otradalsá .....	—	C 15		378	Byggð 1963
5. Þernudalsá .....	—	C 15		366	Byggð 1963
6. Hjarðardalsá á Ögurvegi ..	—	C 28	5	420	
7. Kolbeinsá á Ströndum ....	—	C 36	5	395	Endurbygging
8. Hvammsá í Svartárd. ....	Norðurl. v.	D 22	8	342	
9. Máná á Siglufj.v. ....	—	D 38	4	300	
10. Engidalsá á Siglufj.v. ....	—	D 38	4	300	
11. Sauðá á Múlavegi .....	Norðurl. e.	D 53	4	200	
12. Skeifá á Tjörnesi .....	—	E 23	4	300	
13. Ytri Hvannagilsá .....	Austurl.	F 25	4	210	
14. Innri Hvannagilsá .....	—	F 25	5	303	
15. Selá í Breiðdal .....	—	F 1	6	324	
16. Brunná í Lóni .....	—	F 1	4	243	
17. Gaddst.síki Slv. ....	Suðurl.	G 1	5	495	Endurbygging
18. Stakksá á Geysisv. ....	—	G 20	5	306	
19. Siglúvikurá á Siglúv.v. ....	—	G 62	9	161	
20. Kaldagil hjá Þverf. ....	Borgarf.	Sýsluv.	5	50	¼ hl. kostnaðar
21. Grjótá á Hítardalsv. ....	Mýras.	—	5	10	— — —
22. Hofsa hjá Steiney.st. ....	A.-Hún.	—	4	91	— — —
23. Selá í Fljótshverfi .....	V.-Skaft	—	6	54	— — —
24. Svínhagagil í Rang. ....	Rang.	—	7	50	— — —
25. Reykjadalssl. í Hrunam.hr. .	Árness.	—	7	60	— — —

Samtals 6 424

## VI. TIL SÝSLUVEGASJÓÐA

Í greinargerð með till. til þingsályktunar um vegáætlun fyrir 1964 var áætlað að heildartekjur sýsluvegasjóða skv. 21. og 23. gr. vegalaga yrðu 4.86 millj. kr., þegar tekið hafði verið tillit til frádráttar einstakra kauptúna skv. 26. gr. Var því heildarframlag til sýsluvegasjóða skv. 28. gr. vegalaga í vegáætlun í ár miðað við 10.0 millj. kr. Heildartekjur sýsluvegasjóða skv. 21. og 23. gr. vegalaga verða í ár 4.96 millj. kr. og verður því framlag skv. þessum lið eins og lögin gera ráð fyrir.

Samkv. ákvæði 28. gr. vegalaga gaf ráðuneytið hinn 17. apríl út reglugerð nr. 62/1964 um skiptingu á framlagi ríkissjóðs skv. vegáætlun.

Skipting á framlagi ríkissjóðs skv. téðri reglugerð, svo og áætlaðar tekjur skv. 21. og 23. gr. vegalaga er sýnt á eftirfarandi yfirliti:

Sýsluvegir. — Fjárveitingar 1964.

Sýsla:	Heildar- mannfjöldi 1. des. 1963	Fjöldi greiðenda	Frádráttur, ½ mannfjöldi kaupstaða og man- nfjöldi eyjahreppa	Ætlað framlag samkvæmt 21. gr., kr.	Ætlað framlag samkvæmt 23. gr., kr.	Ætlað heimatramlag, alls kr.	Ætluð heildarfjár- veiting, kr.	Ríkisramlag, kr.	Ætluð lengd sýslu- vega, km	Pús. kr. á km	Rétt umráða 1963, pús. kr.	Sýslu- og hrepparfjöldi í árslok 1963	
1. Gullbringu .....	6038	2058	3980	338380	50000	388380	195000	583380	15	38.9	332	13+	35
2. Kjósar .....	2814	763	2051	174376	30000	204376	194000	398376	39	10.2	-	0+	50
3. Borgarfjarðar ...	1465	-	1465	124554	3119	127673	244000	371673	64	5.8	239	83+	29
4. Mýra .....	1969	465	1504	127870	66467	194337	519000	713337	132	5.6	339	147+	12
5. Snæfellsnes .....	3870	1145	2725	231680	-	231680	481000	712680	103	6.9	217	126+	21
6. Dala .....	1167	-	1167	99218	1768	100986	249000	349986	51	6.9	141	80+	29
7. A.-Barðastrandar	523	74	449	38174	956	39130	246000	285130	47	6.1	64	112+	99
8. V.-Barðastrandar	2037	493	1544	131271	1996	133267	325000	458267	60	7.6	128	57+	35
9. V.-Ísafjarðar ...	1844	-	1844	156777	4238	161015	323000	484015	59	8.2	190	62+	46
10. N.-Ísafjarðar ...	1931	-	1931	164173	7625	171798	269000	440798	55	8.0	137	81+	46
11. Stranda .....	1526	-	1526	129741	-	129741	481000	610741	98	6.2	163	123+	36
12. V.-Húnavatns ...	1406	174	1232	104745	1504	106249	478000	584249	132	4.4	198	132+	38
13. A.-Húnavatns ...	2374	635	1739	147850	19823	167673	512000	679673	128	5.3	314	64+	192
14. Skagafjarðar ...	2622	155	2467	209744	25831	235575	665000	900575	136	6.6	379	95+	75
15. Eyjafjarðar ...	3848	845	3003	255315	7945	263260	383000	646260	65	9.9	415	149+	59
16. S.-Þingeyjar ...	2758	60	2698	229384	17468	246852	556000	802852	112	7.2	330	231	50
17. N.-Þingeyjar ...	1946	465	1481	125915	4843	130758	413000	543758	95	5.7	231	140+	57
18. N.-Múla .....	2453	-	2453	208554	5000	213554	773000	986554	180	5.5	270	215+	44
19. S.-Múla .....	4604	908	3696	314234	2405	316639	565000	881639	109	8.1	399	120+	31
20. A.-Skaftafells ...	1458	359	1099	93437	3799	97236	179000	276236	35	7.9	84	19+	43
21. V.-Skaftafells ...	1348	-	1348	114607	4566	119173	467000	586173	109	5.4	148	97+	18
22. Rangárvalla ...	2984	-	2984	253700	3655	257355	635000	892355	154	5.8	430	205+	94
23. Árnes .....	7288	-	7288	619626	200000	819626	848000	1667626	224	7.4	1399	270+	94
Alls	60273	8599	51674	4393325	463008	4856333	10000000	14856333	2202	67.5	6547	2390+	1139

## VII. TIL VEGA Í KAUPSTÖÐUM OG KAAPTÚNUM

Fjárveiting í vegaáætlun kr. 30 262 500.00, sem skiptist eins og nú skal greina:  
Mannfjöldi 1. des. 1963 samkvæmt endanlegu manntali Hagstofu Íslands 20.  
júli 1964:

Kaupstaðir .....	126 566 íbúar
Kauptún með yfir 300 íbúa .....	25 503 —

Samtals 152 069 íbúar

Framlag í vegáætlun, lið VII .....	kr. 30 262 500.00
Frá dregst samkvæmt 34. gr. 10% .....	— 3 026 250.00

Til skipta kr. 27 236 250.00

27 236 250.00  
Skiptitala á hvern íbúa kr.  $\frac{27\,236\,250.00}{152\,069.00}$  = kr. 179.10

Kaupstaðir:	Íbúatala:	Framlag:
Reykjavík .....	76 401	kr. 13 683 419.10
Kópavogur .....	7 684	— 1 376 204.40
Hafnarfjörður .....	7 630	— 1 366 533.00
Keflavík .....	4 919	— 880 992.90
Akranes .....	4 088	— 732 160.80
Ísafjörður .....	2 715	— 486 256.50
Sauðárkrókur .....	1 326	— 237 486.60
Siglufjörður .....	2 573	— 460 824.30
Ólafsfjörður .....	1 029	— 184 293.90
Akureyri .....	9 398	— 1 683 181.80
Húsavík .....	1 752	— 313 783.20
Seyðisfjörður .....	786	— 140 772.60
Neskaupstaður .....	1 444	— 258 620.40
Vestmannaeyjar .....	4 821	— 863 441.10
		kr. 22 667 970.60

Kauptún:	Íbúatala:	Framlag:
Grindavík .....	844	kr. 151 160.40
Sandgerði .....	808	— 144 712.80
Njarðvíkur .....	1 418	— 253 963.80
Garðahreppskaupún .....	1 075	— 192 532.50
Seltjarnarnes .....	1 526	— 273 306.60
Borgarnes .....	928	— 166 204.80
Hellissandur .....	515	— 92 236.50
Ólafsvík .....	844	— 151 160.40
Grafarnes .....	448	— 80 236.80
Stykkishólmur .....	941	— 168 533.10
Patreksfjörður .....	988	— 176 950.80
Bíldudalur .....	373	— 66 804.30
Þingeyri .....	367	— 65 729.70
Flateyri .....	554	— 99 221.40
Suðureyri .....	435	— 77 908.50
Bolungarvík .....	913	— 163 518.30

Hnífsdalur .....	303	kr.	54 267.30
Hólmavík .....	423	—	75 759.30
Hvammstangi .....	339	—	60 714.90
Blönduós .....	656	—	117 489.60
Skagaströnd .....	624	—	111 758.40
Hofsós .....	305	—	54 625.50
Dalvík .....	944	—	169 070.40
Raufarhöfn .....	479	—	85 788.90
Þórshöfn .....	447	—	80 057.70
Vopnafjörður .....	419	—	75 042.90
Egilsstaðir .....	380	—	68 058.00
Eskifjörður .....	853	—	152 772.30
Búðareyri í Reyðarfirði .....	479	—	85 788.90
Búðir í Fáskrúðsfirði .....	658	—	117 847.80
Djúpivogur .....	312	—	55 879.20
Höfn í Hornafirði .....	719	—	128 772.90
Vík í Mýrdal .....	334	—	59 819.40
Stokkseyri .....	404	—	72 356.40
Eyrarbakki .....	470	—	84 177.00
Selfoss .....	1 957	—	350 498.70
Hveragerði .....	674	—	120 713.40
Þorlákshöfn .....	347	—	62 147.70
			<hr/>
			kr. 4 567 587.30
Mismunur			— 692.10
			<hr/>
Samtals 152 069 íbúar			kr. 27 236 250.00

Af framlagi skv. 34. gr. vegalaga hefur Selfosshreppur fengið 1.2 millj. kr. til Suðurlandsvegur um Selfoss og hafa þegar verið malbikaðir 400 m af þeim vegi. Kópavogskaupstað hefur verið gefið fyrirheit um afganginn af þessu fé til Reykjanesbrautar í Kópavogi og nemur sú upphæð 1.8 millj. kr.

Flest allir kaupstaðir og mörg kauptún hafa í ár hafið framkvæmdir við varanlega gatnagerð fyrir framangreint framlag skv. V. kafla vegalaga.

Reglugerðir um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum skv. 30. gr. vegalaga og notkun á ríkisframlaginu skv. 35. gr. verða gefnar út innan skamms.

#### VIII. TIL VÉLA- OG ÁHALDAKAUPA

Til véla- og verkfærakaupa var fjárveiting 11 millj. kr.

Þessu fé hefur verið ráðstafað, svo sem hér segir:

1. Afborgun af skuld við sölunefnd varnarliðseigna .....	1.57	millj. kr.
2. Greiðslur vegna vélakaupa 1963 .....	4.08	— —
3. Vélakaup skv. Eximb.láni .....	9.60	— —
4. Önnur vélakaup .....	3.40	— —

---

Alls 18.65 millj. kr.

Vélakaup umfram fjárveitingu eru greidd af afskriftafé véla, svo og sölu gamalla véla og bíla, sem nam um 500 þús. kr. á árinu.

Af nýjum vélum skv. lið 3 og 4 voru keypt eftirfarandi tæki:

1 jarðýta, 6 vegheflar, 2 vélaskóflur, 5 jeppar og 1 sendiferðabíll.

Auk þessa ýmsar smærri vélar, svo sem rafstöðvar fyrir vinnuflokka, umferðateljarar o. s. frv.

## IX. TIL TILRAUNA VIÐ VEGA- OG GATNAGERÐ

Fjárveiting var kr. 1 210 500.00.

Til undirbúnings tilrauna með olíumöl rannsakaði Statens Väginstitut í Stokk-hólmi sýnishorn af mól, sem til greina kom að nota í olíumöl hér. Þessar rannsóknir leiddu í ljós, að þetta efni var ekki talið hentugt miðað við reynslu Svía. Hins vegar sé ekki hægt að kveða upp endanlegan dóm um það atriði, nema með lagningu slitlags á tilraunakafli.

Er nú í undirbúningi, að slíkir tilraunakafli verði lagðir næsta sumar í samvinnu milli Vegagerðarinnar, nokkurra sveitarfélaga og einstaklinga.

Þá voru í samvinnu við Veðurstofu Íslands og með aðstoð þýzks sérfræðings settar upp netagirðingar við Suðurlandsveg í Svinahrauni til þess að reyna áhrif netanna við heftingu snjófoks á vegi.

## X. IÐGJALD TIL SLYSATRYGGINGA

Fjárveiting var 560 þús. kr. Iðgjöld til slysatrygginga fyrir s. l. ár munu hækka verulega, sbr. reglugerð nr. 7/1964. Reikningsskil liggja ekki fyrir enn þá.

## XI. GJÖLD SKV. LÖGUM UM ORLOF VERKAMANNA

Fjárveiting var 3.0 millj. kr. og var miðað við 6% og reynslu s. l. árs og framkvæmdafé í ár.

Þar sem orlof hækkaði almennt hinn 1. júlí s. l. í 7%, mun þessi fjárveiting ekki hrökkva til greiðslu orlofsfjár. Áætlað er að þessi hækkun á orlofi muni hækka heildarútgjöld á þessum lið um 300 þús. kr.

## XII. ATVINNULEYSISTRYGGINGAGJÖLD

Fjárveiting var 270 þús. kr. Gjöld þessi munu hækka eitthvað meira en fjárveitingu nemur, en reikningsskil liggja ekki fyrir enn þá.